



Nefndasvið Alþingis
b.t. utanríkismálanefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 13. júní 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um vegabréfsáritanir, 431. mál


Samtök iðnaðarins, hér eftir „samtökin“ eða „SI“, hafa tekið til umsagnar 431. mál á 156. löggjafarþingi sem varðar vegabréfsáritanir til ferðamanna. Samtökin fagna einföldun á regluverki og aukinni skilvirkni í framkvæmd í útlendingamálum og styðja því heilshugar að frumvarpið nái fram að ganga.


Samtökin hafa lengi bent á nauðsyn öflugs mannauðs fyrir áframhaldandi vöxt hugverkaiðnaðar sem er öflug stoð útflutnings á Íslandi. Samkvæmt könnun Outcome fyrir SI vorið 2024 er varlega áætlað að til þess að vaxtaráætlanir fyrirtækja í hugverkaiðnaði geti orðið að veruleika, þurfi að fjölga starfsfólki í greininni um 77% á næstu fimm árum. Um er að ræða viðbót upp á um 9.000 sérfræðinga á næstu fimm árum. Ljóst er að þessari mannaflapörf verður ekki fullnægt án ráðninga alþjóðlegra sérfræðinga.¹ Í hópi ferðamanna eru alþjóðlegir sérfræðingar sem koma til landsins í atvinnuviðtöl, til þess að kynnast landi og þjóð með það fyrir augum að kanna hvort að landið henti til langtímadvalar og í viðskiptaerindum eða á ráðstefnur.

Þrátt fyrir að frumvarpið tengist ekki veitingu atvinnu- og dvalarleyfa til alþjóðlegra sérfræðinga með beinum hætti vilja samtökin nýta tækifærið og **hvetja ríkisstjórnina og Alþingi til dáða þegar kemur að því að einfalda regluverk og framkvæmd við veitingu atvinnu- og dvalarleyfa til alþjóðlegra sérfræðinga**. Afgreiðsla umsókna getur tekið allt að 8 mánuði, eða meira, eftir að af ráðningu hefur orðið, sem er alltof langur tími fyrir fyrirtæki í örum vexti og starfsmann sem bíður í öðru landi, ef til vill með fjölskyldu, eftir því að hefja störf.

Samtökin óska eftir samráði við stjórnvöld um hvaða skref þurfi að taka til þess að stytta biðtíma og einfalda regluverk og framkvæmd við veitingu atvinnu- og dvalarleyfa til alþjóðlegra sérfræðinga. Tryggja þarf fyrirtækjum og sérfræðingum fyrirsjáanleika áður en ráðningar, eða ákvarðanir eru teknar. Til mikils er að vinna.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins


Nanna Elísabet Jakobsdóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði


Hulda B. Kjærnestad Baldursdóttir
sérfræðingur í mennta- og mannauðsmálum

¹ [Vænta 77% fjölgunar starfsfólks í tækni- og hugverkaiðnaði á næstu fimm árum.](#)